



Alþýðusamband Íslands

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
Skipagötu 14
600 Akureyri

Reykjavík 11.5 2018.

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands sem haldinn var 2.5 2018 og að fenginni umsög Laganefndar ASÍ voru breytingar á lögum félagsins afgreiddar með eftirfarandi hætti:

Málsnúmer: 201803-0023
Stéttarfélag: Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
Lagabreytingar: 26.2 2018

Umsögn laganefndar

Breytingarnar varða nokkra þætti laganna. Tilgangsákvæði er breytt þannig að rétt til aðildar eigi þeir sem vinni skv. kjarasamningum félagsins, réttarstaða aukafélaga er skýrð, heimild sett inn til annarrar staðfestingar á félagsaðild en með umsókn, réttindi sönnuð með afdrætti félagsgjalds, brottfall bráðabirgðaákvæðis, ritun fundargerða, ákvæðum um kröfu um félagsfund breytt úr tilteknum fjölda félagsmanna í 10% hlutfall, tillögur um lagabreytingar frá félagsmönnum skuli hafa borist fyrir 1.1 ár hvert o.fl. Engar af þessum breytingum varða lágmarksákvæði laga ASÍ.

Niðurstaða miðstjórnar ASÍ

"Með vísan til umsagnar laganefndar staðfestir miðstjórn ASÍ þær breytingar sem gerðar voru á lögum Félags málmíðnaðarmanna Akureyri á aðalfundi félagsins 26.2 2018."

F.h. miðstjórnar ASÍ

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.